



# *Sýldarvinnslan hf*

**Samandreginn árshlutareikningur  
samstæðu 1. janúar - 31. mars 2022**



## Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	2
Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2022 .....	4
Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2022 .....	5
Efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2022 .....	6 - 7
Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2022 .....	8
Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2022 .....	9
Skýringar .....	10 - 15

### **Síldarvinnslan hf.**

Kennitala 570269-7479

Hafnarbraut 6, Neskaupstað

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi samstæðunnar

Samstæða Síldarvinnslunnar hf. er í dag með öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og byggir starfsemin á yfir 60 ára reynslu í fiskvinnslu og útgerð. Samstæðan er ein sú stærsta á Íslandi í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski og stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á Íslandi.

Samstæðan samanstendur af móðurfélaginu Síldarvinnslunni hf. og dótturfélögum sem eru í lok ársins Bergur-Huginn ehf., Bergur ehf., Fóðurverksmiðjan Laxá hf., Fjárfestingafélaginu Vör ehf. og Seley ehf.

## Rekstur og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 100,6 milljónum dollara á tímabilinu og hagnaður af rekstrinum nam 27,5 milljónum dollara. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 672,0 milljónum dollara í lok tímabilsins og eigið fé nam 450,6 milljónum dollara en þar af var hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðunnar 2,8 milljónir dollara. Eiginfjárlutfall samstæðunnar var 67,1%.

Allt hlutafé í hlutdeildarfélaginu Hafnarbraut 2 ehf. var selt í byrjun árs 2022. Síldarvinnslan hf. festi kaup á jörðinni Fannardal í Norðfirði í byrjun árs 2022, en áformað er að nýta jörðina til skógræktar með kolefnisbindingu í huga. Sjá nánar í skýringu nr. 9.

Að mati stjórnenda er enginn óvissa um horfur á helstu mörkuðum samstæðunnar vegna Covid-19, en á heildina litið hafa fjárhagsleg áhrif heimsfaraldursins á samstæðuna ekki haft veruleg hingað til.

Samstæðan nýtti sér engar stuðningsaðgerðir stjórnvalda vegna Covid-19 heimsfaraldursins á tímabilinu.

Samkomulag hefur náðst við viðskiptaaðila Síldarvinnslunnar í Úkraínu um eftirgjöf á viðskiptakröfu Síldarvinnslunnar á hendur honum. Gengið var frá samkomulaginu í apríl 2022 og telst það vera fullnaðaruppgjör. Ástandið í Úkraínu hefur að öðru leyti ekki haft neikvæð áhrif á samstæðuna. Sjá nánar í skýringu 6.

Ísfisktogarinn Vestmannaey VE 54 hélt til veiða í mars eftir fjögurra mánaða viðgerð en eldur kom upp í vélarúmi skipsins í október á síðasta ári. Fullnaðar uppgjör við tryggingafélag skipsins hefur ekki farið fram og telja stjórnendur félagsins að ekki verði um miklar viðbótar gjaldfærslur vegna þessa í reikningi félagsins.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu .

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. mars 2022. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögg t yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar hf. staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2022 með undirritun sinni.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Neskaupstað, 25. maí 2022.

Þorsteinn Már Baldvinsson  
Stjórnarformaður

Anna Guðmundsdóttir  
Meðstjórnandi

Baldur Már Helgason  
Meðstjórnandi

Björk Þórarinsdóttir  
Meðstjórnandi

Guðmundur Rafnkell Gíslason  
Meðstjórnandi

Gunnþór Ingvason  
Forstjóri

## Rekstrarreikningur samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2022

	Skýringar	2022 1.1-31.3	2021 1.1-31.3
<b>Rekstrartekjur</b>			
Seldar vörur .....		100.567.036	52.377.325
		<u>100.567.036</u>	<u>52.377.325</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaðarverð seldra vara .....		47.257.599	18.783.946
Laun, aflahlutir og annar starfsmannakostnaður .....		18.506.127	12.398.501
Annar rekstrarkostnaður .....		2.322.460	1.324.358
		<u>68.086.186</u>	<u>32.506.805</u>
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)</b>			
		32.480.850	19.870.520
Afskriftir fastafjármuna .....	4	3.060.509	2.541.974
<b>Rekstrarhagnaður</b>		<u>29.420.341</u>	<u>17.328.546</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		100.540	202.363
Vaxtagjöld og verðbætur .....		(1.040.986)	(1.007.867)
Gengismunur .....		1.670.871	1.275.052
Tekjur af verðbréfum og afleiðusamningum .....		3.547.418	3.371.157
		<u>4.277.843</u>	<u>3.840.705</u>
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna .....		1.063.568	4.080.643
Hagnaður af sölu hlutdeildarfélags .....		183.254	0
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>			
		34.945.006	25.249.894
Tekjuskattur .....		(7.457.937)	(4.186.090)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>			
		<u>27.487.069</u>	<u>21.063.804</u>
Hagnaður skiptist á eftirfarandi hátt: .....			
Eigendur félagsins .....		27.318.594	20.820.129
Hlutdeild minnihluta .....		168.475	243.675
		<u>27.487.069</u>	<u>21.063.804</u>
<b>Hagnaður á hlut</b>			
Hagnaður eigenda félagsins á útistandandi hlut .....		0,0161	0,0124
<b>Starfspáttayfirlit</b>			
	3		

## Yfirlit um heildarafkomu samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2022

	2022 1.1-31.3	2021 1.1-31.3
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	27.487.069	21.063.804
<b>Önnur heildarafkoma</b>		
<i>Liðir sem síðar munu verða endurflokkaðir yfir rekstur:</i>		
Pýðingarmunur vegna eignarluta í félögum .....	592.186	231.319
Áhættuvarnir vegna langtímaskulda .....	0	736.812
<b>Heildarafkoma tímabilsins</b>	<u>28.079.255</u>	<u>22.031.935</u>
Heildarafkoma skiptist á eftirfarandi hátt:		
Eigendur félagsins .....	27.924.073	21.755.088
Hlutdeild minnihluta .....	155.183	276.847
	<u>28.079.255</u>	<u>22.031.935</u>

## Efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2022

Eignir	Skýringar	31.3.2022	31.12.2021
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir:			
Fiskveiðiheimildir .....		272.677.929	271.349.923
		<u>272.677.929</u>	<u>271.349.923</u>
Rekstrarfjármunir:	4		
Varanlegir rekstrarfjármunir .....		169.380.353	163.261.084
Fastafjármunir í smíðum .....		20.320.928	19.037.704
Leiguréttindi .....		1.242.781	1.089.809
		<u>190.944.062</u>	<u>183.388.597</u>
Fjárfestingar:			
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum .....		15.509.371	14.811.947
Eignarhlutar í öðrum félögum .....		2.970.827	2.801.006
Skuldabréfaeign .....		96.020	94.209
		<u>18.576.218</u>	<u>17.707.162</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		482.198.209	472.445.682
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	5	54.560.525	32.388.354
Viðskiptakröfur .....	6	49.776.422	43.466.707
Aðrar skammtímakröfur .....		9.156.140	4.430.954
Handbært fé .....		74.775.214	79.856.239
		<u>188.268.301</u>	<u>160.142.254</u>
Fastafjármunir sem haldið er til sölu .....		1.567.591	1.567.591
<b>Veltufjármunir samtals</b>		189.835.892	161.709.845
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>672.034.101</u></u>	<u><u>634.155.527</u></u>

## Efnahagsreikningur samstæðu 31. mars 2022

Eigið fé og skuldir	Skýringar	31.3.2022	31.12.2021
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		14.096.600	14.096.600
Yfirverðsreikningur hlutafjár .....		17.588.283	17.588.283
Annað bundið eigið fé .....		35.633.865	31.137.925
Óráðstafað eigið fé .....		380.465.152	357.037.020
		<u>447.783.900</u>	<u>419.859.828</u>
Hlutdeild minnihluta .....		2.816.586	2.661.403
		<u>450.600.486</u>	<u>422.521.231</u>
<b>Skuldir</b>			
Langtímaskuldir og skuldbindingar:			
Skuldir við lánastofnanir .....	7	108.987.265	113.654.475
Tekjuskattsskuldbinding .....		53.555.376	53.275.448
		<u>162.542.641</u>	<u>166.929.923</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir .....	7	1.241.602	1.217.538
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	7	8.326.469	8.382.929
Reiknaðir skattar ársins .....		7.930.556	11.149.898
Víðskiptaskuldir .....		15.203.282	12.452.885
Aðrar skammtímaskuldir .....		18.688.231	9.047.557
Skuldir við tengd félög .....	8	7.500.834	2.453.566
		<u>58.890.974</u>	<u>44.704.373</u>
<b>Skuldir samtals</b>		221.433.615	211.634.296
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>672.034.101</u>	<u>634.155.527</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	9		

## Eiginfjáryfirlit samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2022

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Annað eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
<b>1. janúar - 31. mars 2022:</b>						
Staða í ársbyrjun .....	14.096.600	17.588.283	31.137.925	357.037.020	2.661.403	422.521.231
<i>Heildarafkoma:</i>						
Hagnaður tímabilsins .....				27.318.594	168.475	27.487.069
Þýðingarmunur .....			605.478		(13.292)	592.186
Bundinn						
- hlutdeildarreikningur .....			3.628.189	(3.628.189)		0
- gangvirðisreikningur .....			262.273	(262.273)		0
	0	0	4.495.940	23.428.133	155.183	28.079.255
Staða í lok tímabils .....	14.096.600	17.588.283	35.633.865	380.465.152	2.816.586	450.600.486
	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Annað eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
<b>1. janúar - 31. mars 2021:</b>						
Staða í ársbyrjun .....	13.967.526	10.070.499	33.240.148	324.809.669	4.184.269	386.272.111
<i>Heildarafkoma:</i>						
Hagnaður tímabilsins .....				20.820.129	243.675	21.063.804
Þýðingarmunur .....			198.147		33.172	231.319
Áhættuvörn						
vaxtaskiptasamninga .....			921.015			921.015
Tekjuskattsáhrif .....			(184.203)			(184.203)
Bundinn						
- hlutdeildarreikningur .....			7.216.155	(7.216.155)		0
- gangvirðisreikningur .....			235.635	(235.635)		0
	0	0	8.386.749	13.368.339	276.847	22.031.935
<i>Eigendur:</i>						
Ákvarðaður arður .....				(52.251.764)		(52.251.764)
Staða í lok tímabils .....	13.967.526	10.070.499	41.626.897	285.926.244	4.461.116	356.052.282

## Sjóðstreymi samstæðu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2022

	Skýringar	2022 1.1-31.3	2021 1.1-31.3
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri			
Hagnaður tímabilsins .....		27.487.069	21.063.804
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	4	3.060.509	2.541.974
Hagnaður af afhendingu hlutdeildarfélags .....		(183.254)	0
Aðrir liðir .....		(6.764.887)	(4.402.184)
Hreint veltufé frá rekstri		<u>23.599.437</u>	<u>19.203.594</u>
Hækkun rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		(12.919.717)	(9.465.524)
Birgðir .....		(22.096.032)	(7.283.941)
Hækkun rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		19.627.062	6.811.317
		<u>(15.388.687)</u>	<u>(9.938.148)</u>
		<u>8.210.750</u>	<u>9.265.446</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	4	(3.333.884)	(4.685.567)
Fjárfest í fastafjármunum í smíðum .....	4	(6.586.387)	(12.880.640)
Langtímakröfur, breyting .....	4	(168.563)	0
Keyptir eignarhlutar í öðrum félögum .....		0	1.171
Fjárfesting í nýju dótturfélagi .....		0	(39.460.627)
Seldir eignarhlutar í hlutdeildarfélögum .....		326.361	0
Arður frá hlutdeildarfélögum .....		0	3.015.545
		<u>(9.762.473)</u>	<u>(54.010.118)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Nýjar langtímaskuldir .....		0	79.543.350
Afborganir langtímaskulda .....		(3.684.206)	(70.155.765)
Breyting á skammtímaskuldum við lánastofnanir .....		647	(478.001)
		<u>(3.683.559)</u>	<u>8.909.584</u>
<b>Lækkun á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		79.856.239	90.119.415
Áhrif gengisumreiknings dótturfélaga .....		154.257	(85.971)
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>		<u><u>74.775.214</u></u>	<u><u>54.198.356</u></u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Innborgaðir vextir og arðstekjur .....		100.073	906.256
Greiddir vextir og gengismunur .....		(1.440.807)	(671.911)
Greiddir skattar .....		(1.636.055)	(901.271)

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Síldarvinnslan hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hafnarbraut 6, Neskaupstað. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur fiskvinnslu og útgerð.

Árshlutareikningur samstæðunnar var samþykktur á stjórnarfundum félagsins þann 25. maí 2022.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Síldarvinnslunnar hf. fyrir tímabilið janúar til mars 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Samandregni árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í ársreikningi og ætti því að lesa með hliðsjón af ársreikningi félagsins fyrir árið 2021.

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru þær sömu og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2021. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

### 2.2 Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings samstæðu þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 2.3 Breyting á samanburðarfjárhæðum

Til að gæta samræmis við núverandi framsetningu hefur samanburðartölum í árshlutareikningnum verið breytt. Tekjur, sem skilgreindar voru sem aðrar tekjur, hafa verið endurskilgreindar af stjórnendum samstæðunnar. Tekjurnar eru nú flokkaðar með tekjum af útgerð og tilgreindar meðal seldra vara. Til að gæta samræmis við núverandi skilgreiningu hefur samanburðartölum í árshlutareikningnum verið breytt. Þá hefur áður birt starfspáttayfirlit fyrir samanburðar tímabilið tekið samsvarandi breytingum.

## 3. Starfspáttayfirlit

Rekstrarstarfspáttir eru skilgreindir í samræmi við eðli rekstrar og innri skýrslugjöf samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir hjá sér tvo starfspáttir, *Útgerð* og *Landvinnslu*. Aðrir starfspáttir falla undir liðinn *Annað*.

	Útgerð	Landvinnsla	Annað	Eigin afli	Jöfnunar- færslur	Samtals
<b>1.1 - 31.3. 2022</b>						
Seldar vörur .....	37.322.802	84.193.850	5.558.663	(23.418.252)	(3.090.027)	100.567.036
Kostnaðarverð seldra vara .....	8.982.268	59.906.872	4.876.738	(23.418.252)	(3.090.027)	47.257.599
Laun .....	12.979.449	4.509.529	1.017.149	0	0	18.506.127
Annar rekstrarkostn. ....	363.343	1.298.681	660.436	0	0	2.322.460
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir .....	14.997.742	18.478.768	(995.660)	0	0	32.480.850
Afskriftir fastafjármuna ....	(2.061.789)	(917.431)	(81.289)	0	0	(3.060.509)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)						4.277.843
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélag						1.063.568
Hagnaður af sölu hlutdeildarfélag						183.254
Tekjuskattur .....						(7.457.937)
Hagnaður tímabilsins .....						27.487.069
Fjárfestingar .....	0	(9.865.129)	(55.142)	0	0	(9.920.271)
Rekstrarfjármunir .....	121.907.911	65.415.432	3.620.719	0	0	190.944.062
Óefnislegar eignir, óskiptar						272.677.929
Aðrar eignir, óskiptar .....						208.412.110
Skuldir, óskiptar .....						(221.433.615)

## Skýringar

### 3. Starfspáttayfirlit (framhald)

	Útgerð	Landvinnsla	Annað	Eigin afli	Jöfnunar- færslur	Samtals
<b>1.1. - 31.3. 2021</b>						
Seldar vörur .....	27.536.709	38.235.422	5.206.657	(15.431.663)	(3.169.800)	52.377.325
Kostnaðarverð seldra vara .....	7.672.980	25.184.008	4.528.420	(15.431.663)	(3.169.800)	18.783.946
Laun .....	8.909.747	2.649.116	839.638	0	0	12.398.501
Annar rekstrarkostn. ....	396.050	190.727	737.581	0	0	1.324.358
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir .....	10.557.932	10.211.571	(898.982)	0	0	19.870.520
Afskriftir fastafjármuna ....	(1.455.159)	(1.034.203)	(52.612)	0	0	(2.541.974)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)						3.840.705
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagi						4.080.643
Tekjuskattur .....						(4.186.090)
Hagnaður tímabilsins .....						21.063.804
Fjárfestingar .....	(13.475.395)	(3.679.225)	(411.587)	0	0	(17.566.207)

Tekjuaukningu samstæðunnar á milli fyrsta ársfjórðungs árið 2022 og 2021, að fjárhæð um 48 milljónir dollara, má að langstærstum hluta rekja til aukningar á framleiðsluverðmætum vegna stærri loðnukvóta. Bæði var mun meiri framleiðsla á mjöli og lýsi og eins var meiri framleiðsla á frosnum uppsjávarafurðum en á sama tímabili árið áður.

### 4. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir felast í varanlegum rekstrarfjármunum og fjárfestinga í smíðum. Leiguréttindi eru jafnframt flokkuð meðal rekstrarfjármuna. Varanlegir rekstrarfjármunir sundurliðast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Verksmiðju- vélar og tæki	Samtals
<b>Í lok tímabils 31.3. 2022:</b>				
Bókfært verð í ársbyrjun .....	22.428.099	122.772.113	18.060.872	163.261.084
Viðbót ársins .....	3.037.310	42.903	253.671	3.333.884
Flutt af fastafjármunum í smíðum .....	4.681.657	0	680.807	5.362.464
Áhrif gengisbreytinga .....	6.419	459.545	1.876	467.840
Afskriftir .....	(366.501)	(2.006.364)	(672.054)	(3.044.919)
Bókfært verð í lok tímabils .....	29.786.984	121.268.197	18.325.172	169.380.353
	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Verksmiðju- vélar og tæki	Samtals
Bókfært verð í lok 31.3. 2022 greinist þannig:				
Kostnaðarverð .....	68.071.177	166.282.944	96.673.948	331.028.069
Afskrifað samtals .....	(38.284.193)	(45.014.747)	(78.348.777)	(161.647.717)
Bókfært verð í lok tímabils .....	29.786.984	121.268.197	18.325.172	169.380.353
Afskriftahlutfall á ári .....	0-6%	4-10%	6-20%	

## Skýringar

### 4. Rekstrarfjármunir (framhald)

Afskriftir greinast þannig:	1.1.-31.3.2022	1.1.-31.3.2021
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna .....	3.044.919	2.530.135
Afskriftir leiguréttinda .....	15.591	11.839
	<u>3.060.509</u>	<u>2.541.974</u>

### Fastafjármunir í smíðum

#### Fiskimjölsverksmiðja í Neskaupstað

Á árinu 2021 hófust framkvæmdir við stækkun fiskimjölsverksmiðju og löndunarhúss Síldarvinnslunnar í Neskaupstað. Löndunarhúsið er stækkað um 300 fermetra og í því verður komið fyrir búnaði sem mun tvöfalda afköstin við vinnslu á loðnuhrognum. Hrognavinnslan hefur verið tekin í notkun og var fjárfesting vegna hennar flutt á varanlega rekstrarfjármuni, alls 5,4 milljónir USD. Stækkun fiskimjölsverksmiðjunnar er hins vegar skipt í tvo áfanga. Í fyrri áfanganum er reist 2000 fermetra verksmiðjuhús og komið upp lítilli verksmiðjueiningu sem á að geta afkastað 380 tonnum á sólarhring. Litlu verksmiðjueiningunni er fyrst og fremst ætlað að vinna afskurð frá fiskiðjuveri fyrirtækisins auk þess sem hún mun nýtast við þróunarverkefni og spara töluverða orku. Áætlað er að litla verksmiðjan verði komin í notkun í júlí 2022. Í síðari áfanganum verður komið upp búnaði sem eykur afkastagetu verksmiðjunnar úr 1.800 tonnum á sólarhring í 2.380 tonn. Áætlaður heildarkostnaður við þessar framkvæmdir er um 40 milljónir USD. Áætluð verklok þessara framkvæmda er á fyrri hluta ársins 2023. Heildarkostnaður verksins nemur 25,7 milljónir USD í lok tímabilsins.

Greiðslur og kostnaður vegna nýsmíða eru sem hér greinir:

	Samtals
<b>Breytingar á kostnaði vegna fastafjármuna í smíðum</b>	1.1.-31.3.2022
Heildarverð í ársbyrjun .....	19.037.704
Fjárfesting tímabilsins .....	6.586.387
Flutt á varanlega rekstrarfjármuni .....	(5.362.464)
Áhrif gengisbreytinga .....	59.301
Heildarverð í lok tímabils .....	<u>20.320.928</u>

### Leiguréttindi

Félög innan samstæðunnar hafa gert langtímaleigusamninga um leigu á nótahólfum. Samingarnir eru til 25 ára en leigutaki hefur rétt til ótímabundinnar framlengingar á leigu að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Umsamin leigufjárhæð var öll greidd á árinu 2019 og færð sem langtímakrafa. Á árinu 2022 voru tvö nótahólf tekin til viðbótar á leigu og umsamin leigufjárhæð öll greidd í byrjun árs. Leiguréttindin eru afskrifuð á 25 árum. Þróun leigueignar greinist þannig á tímabilinu:

	1.1.-31.3.2022	1.1.-31.3.2021
Leiguréttindi í upphafi árs .....	1.089.809	1.162.392
Viðbót .....	168.563	0
Afskrift leiguréttinda .....	(15.591)	(11.839)
Áhrif gengisbreytinga .....	0	1.816
	<u>1.242.781</u>	<u>1.152.369</u>

## Skýringar

### 5. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	31.3.2022	31.12.2021
Hráefni .....	2.913.354	2.920.261
Fullunnar afurðabirgðir .....	42.750.753	20.089.805
Rekstrarvörur .....	3.376.986	3.864.905
Veiðarfæri .....	5.519.432	5.513.383
	<u>54.560.525</u>	<u>32.388.354</u>

Fullunnar afurðabirgðir voru að kostnaðarverði 42,7 milljónir dollara þann 31.3.2022 samanborið við 20,1 milljónir dollara þann 31.12.2021. Að mati stjórnenda mun skilaverð fullunnina afurðabirgða í lok tímabilsins nema allt að 72,1 milljónum dollara í samanburði við 27,1 milljónir dollara í lok árs 2021.

Vörubirgðir félagsins á reikningsskiladegi eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði í lok mars 2022 og byggir m.a. á útreikningum um framlegð og öðrum viðeigandi forsendum. Að mati stjórnenda er seljanleiki vörubirgða félagsins góður og ástandið í Úkraínu er ekki að hafa teljanleg áhrif á tekjur félagsins.

### 6. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.3.2022	31.12.2021
Almennar viðskiptakröfur .....	23.637.828	16.778.447
Viðskiptakröfur á tengd félög .....	29.726.215	29.334.843
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast .....	(3.587.622)	(2.646.583)
	<u>49.776.422</u>	<u>43.466.707</u>

Kröfur á tengda aðila eru tilgreindar með viðskiptakröfum en kröfurnar eru allar tilkomnar vegna reglubundinna viðskipta. Á meðal krafna á tengda aðila er krafa á sölufyrirtækið IceFresh Seafood ehf., sem er söluumboðsfyrirtæki Síldarvinnslunnar og telst vera tengdur aðili. Á bak við kröfuna eru fjölmargar kröfur sölufyrirtækisins á aðila í ýmsum löndum. Samkvæmt samningi milli samstæðunnar og sölufyrirtækisins ber Síldarvinnslan útlánaáættuna verði greiðslufall hjá endanlegum skuldara að kröfunni.

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:	31.3.2022	31.12.2021
Staða í ársbyrjun .....	(2.646.583)	(558.565)
Breyting á niðurfærslu .....	(938.058)	(2.140.139)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu .....	0	49.085
Áhrif gengisbreytinga .....	(2.981)	3.036
Staða í árslok .....	<u>(3.587.622)</u>	<u>(2.646.583)</u>

Samstæðan fylgir fyrirmælum alþjóðlegs reikningsskilastaðals IFRS 9 um niðurfærslu viðskiptakrafna. Viðskiptakröfur eru færðar niður með einfaldri aðferð og byggir matið á sögulegum gögnum um tapsreynslu ásamt því að horft er til efnahagslegra umhverfisþátta á reikningsskiladegi, og væntinga til framtíðar, að svo miklu leyti sem það er heimilt samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Samkomulag hefur náðst við viðskiptaaðila Síldarvinnslunnar í Úkraínu um eftirgjöf á viðskiptakröfu Síldarvinnslunnar á hendur honum. Gengið var frá samkomulaginu í apríl 2022 og telst það vera fullnaðaruppgjör. Samkvæmt uppgjörinu gefur Síldarvinnslan eftir 3.270.000 USD af viðskiptakröfu sinni en krafan hafði verið færð niður á árinu 2021, um 2.447.500 USD. Í árschlutareikningnum nú er því aukin niðurfærsla sem nemur 822.500 USD. Niðurfærslan er færð meðal annars rekstrarkostnaðar.

## Skýringar

### 7. Skuldir við lánastofnanir

Langtímaskuldir við lánastofnanir:	31.3.2022	31.12.2021
Skuldir í USD .....	56.079.374	58.009.284
Skuldir í EUR .....	31.746.183	33.328.409
Skuldir í GBP .....	10.334.128	10.888.807
Skuldir í NOK .....	14.390.994	14.772.493
Skuldir í JPY .....	4.763.055	5.038.411
	<u>117.313.734</u>	<u>122.037.404</u>
Afborganir næstu 12 mánaða .....	<u>(8.326.469)</u>	<u>(8.382.929)</u>
Langtímaskuldir í lok tímabils .....	<u>108.987.265</u>	<u>113.654.475</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir
Afborganir næstu 12 mánaða .....	8.326.469
Afborganir á árinu 2023-2024 .....	8.307.115
Afborganir á árinu 2024-2025 .....	8.307.115
Afborganir á árinu 2025-2026 .....	28.312.505
Afborganir á árinu 2026-2027 .....	57.228.515
Afborganir síðar .....	6.832.015
	<u>117.313.734</u>

Langtímaskuldir samtals USD 117.313.734, koma þannig fram í efnahagsreikningi: 31.3.2022

Afborganir næstu 12 mánaða , færðar meðal skammtímaskulda.....	8.326.469
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....	<u>108.987.265</u>
	<u>117.313.734</u>

Skammtímaskuldir samstæðunnar við lánastofnanir eru tilkomnar vegna fjárfestinga í 12 nýjum fóðursílóum ásamt vélum og búnaði hjá Fóðurverksmiðjunni Laxá ehf. Framkvæmdum er lokið og unnið er að því að breyta skammtímaskuldum yfir í langtímalán, en því verður lokið í maí 2022. Skammtímaskuldir við lánastofnanir greinast þannig:

Skuldir í USD.....	<u>1.241.602</u>
--------------------	------------------

## Skýringar

### 8. Tengdir aðilar

Samstæðan er í dreifðri eignaraðild. Tengdir aðilar samstæðunnar eru hlutdeildarfélag, stjórnir félaga í samstæðunni, framkvæmdastjóri, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa veruleg áhrif sem stórir hluthafar í félaginu. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Tímabilið 1. janúar - 31. mars 2022	Seldar vörur og þjónusta	Keyptar vörur og þjónusta	Viðskipta-kröfur	Viðskipta-skuldir
Hlutdeildarfélag.....	1.195	9.574.947	164.564	4.314.821
Hluthafar félagsins og félag í þeirra eigu.....	22.581.408	14.511.798	29.561.651	3.186.013
	22.582.603	24.086.745	29.726.215	7.500.834
<b>Árið 2021</b>				
Hlutdeildarfélag.....	415.931	3.714.077	339.967	750.345
Hluthafar félagsins og félag í þeirra eigu.....	132.002.103	16.714.176	28.994.876	1.703.221
	132.418.034	20.428.253	29.334.843	2.453.566

### 9. Önnur mál

#### Eignabreytingar

Allur eignarhluti Síldarvinnslunnar í hlutdeildarfélaginu Hafnarbraut 2 ehf. var seldur í byrjun árs 2022. Söluverðið nam um 21,1 milljónir króna (USD 161,4 þús.). Síldarvinnslan hf. keypti jörðina Fannardal í Norðfirði í byrjun árs 2022, þar sem áformað er að nýta jörðina til skógræktar með kolefnisbindingu í huga. Ennfremur verða skoðaðir möguleikar til virkjunar vatns sem rennur á jörðinni, auk þess eru til skýrslur sem sýna fram á möguleika á að finna heitt vatn á jörðinni og verða þeir skoðaðir. Unnið er að samningi við Skógræktarfélag Íslands varðandi uppgræðslu trjáa á jörðinni. Kaupverð jarðarinnar nam 95 milljónum króna (USD 732,5 þús.). Óbyggðanefnd hefur gert kröfu til landsins og eru lögfræðingar Síldarvinnslunnar að skoða málin. Óvíst er um niðurstöðu málsins, en viðauki við kaupsamning hefur verið gerður, sem gerir ráð fyrir að kaupverð verði endurmetið verði krafa Óbyggðarnefndar að veruleika. Dómskvaddir matsmenn verða fengnir til verksins.

#### Tjón

Ísfrisktogarinn Vestmannaey VE 54 hélt til veiða í mars eftir fjöggra mánaða viðgerð en eldur kom upp í vélarúmi skipsins í október á síðasta ári. Fullnaðar uppgjör við tryggingafélag skipsins hefur ekki farið fram og telja stjórnendur félgsins að ekki verði um miklar viðbótar gjaldfærslur vegna þessa í reikningi samstæðunnar.